

Skipulagsstofnun
Ómar Inghórsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2018
UST201801-310/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Mótokrossbraut - Austur-Langhóll. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða 8,6 ha svæði norðan byggðar í Hornafirði. Austurhluti svæðisins liggur að Skarðsfirði sem er á náttúruminjakrá.


Helstu áhrif framkvæmdarinnar gætu orðið á hljóðvist, fuglalíf og votlendi.


Votlendi hefur að hluta verið raskað með framræslu, en auðvelt ætti að vera að endurheima votlendi á þessu svæði. Hljóðvist í næstu byggð mun að líkindum verða yfir viðmiðunarmörkum þannig að grípa þarf til mótvægisáðgerða til að hávaði verði í samræmi við reglugerð nr.724/2008 um hávaða. Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt hvernig staðið hefur verið að úrvinnslu gagna um hljóðvist. Áhrif á fugla eru talin óveruleg þar sem áhrif eru einungis talin ná til fugla sem verpa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en áhrif á Skarðsfjörð ættu að verða lítil.

Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist gætu orðið verulega neikvæð sem og áhrif á votlendi, en áhrif á fuglalíf gætu orðið neikvæð. Umhverfisstofnun telur óraunhæft að telja framkvæmdir á svæðinu afturkræfar ef þær hafa í för með sér mikil jarðvegsskipti.

Umhverfisstofnun telur að fremur ætti að finna þessari starfsemi stað á svæðum sem ekki eru votlend og þegar hefur verið raskað. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda t.d. á námuna Friðsæld, en þar mun að líkindum verða talsvert pláss við skriðufótinn að lagningu vegar um Hornafjarðarfljót lokinni.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfæðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri